

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á fiskveiðiárinu 1999/2000 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Úthluta skal 3.000 lestum af þorski, m.v. óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998.

#### 2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úhlotun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmæta-stuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

#### 3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskafلامark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 1999/2000 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir m.v. óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 1999/2000 verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

#### 4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar samkv. 1. gr. með nýsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

#### 5. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflahlutdeild í þorski til aflamarksbáta sem voru minni en 10 brúttólestir eða 10 brúttótonn 1. janúar 1991 eða 1. desember 1998, enda sé þorskaf-la-hlutdeild þeirra 1. september 1999 sú sama eða meiri en hún var 1. desember 1998. Þá skulu þeir hafa landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998.

Auka skal þorskafahlutdeild báta sem fullnægja skilyrðum settum í 1. mgr. um 5% m.v. aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytnti öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júlí 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*